

L Ö G

um síldartunnur.

60
7. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Eigi má nota umbúðir um síld til sóltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð. Heimilt er þó að nota undir síld tunnur, sem notaðar hafa verið áður hér á landi, enda séu slíkar tunnur taldar nothæfar af matsmönnum.

Hver furuheiltunna skal rúma að minnsta kosti 118,5 lítra og í mesta lagi 121,5 lítra.

Hver furuhálfunna skal rúma að minnsta kosti 59,25 lítra og í mesta lagi 60,75 lítra.

Hver greniheiltunna skal rúma 120 lítra.

Hver grenihálfunna skal rúma 60 lítra.

Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu.

2. gr.

Hver sá, er stunda vill tunnusmiði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnumálaráðherra, og skal hver tunna merkt verksmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

3. gr.

Þeir, sem flytja inn tómar tunnur, sem ætlað er að nota undir síld, eða efni í síldartunnur, bera ábyrgð á, að tunnur þær eða efni í tunnur, er þeir flytja inn, uppfylli skilyrði þau, er sett eru í lögum þessum og reglugerð um síldartunnur, sem sett verður samkvæmt þeim.

Innfluttar tunnur skulu merktar með tilsvarendi merkjum og tunnur þær, er smíðaðar eru í landinu.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smíðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 25 12. júní 1939, um síldartunnur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

60

Bráðabirgðaákvæði.

7. maí Til ársloka 1942 er ráðherra heimilt að leyfa smíði á tunnum úr efni, sem innflutt er fyrir þann tíma, svo og innflutning á síldartunnum, þó að tunnur og efni fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum laga þessara. Sömu leiðis getur ráðherra til ársloka 1942 leyft, að notaðar verði undir síld þær tunnur, sem til eru í landinu.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

61

L Ö G

7. maí

um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 28 19. júní 1933 bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af því jarðraski að dómi Bún- aðarfélag Íslands og vitamálastjóra.

2. gr.

2. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Upphaf 3. gr. sömu laga orðist þannig:

Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkv. 1. málgr. 1. gr., að áhættulaust virðist o. s. frv.

4. gr.

Upphaf 4. gr. sömu laga orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málgr. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð, o. s. frv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933, og heiti þeirra verða: Lög um bann gegn jarðraski.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.